

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1319  
komudagur 11. 3. 2004

SJF/jhb

Reykjavík, 10. mars 2004

B 247 og 248/04

*Umsögn ríkissaksóknarar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (138. mál.)*

Með hliðsjón af dómaframkvæmd er það mat ríkissaksóknara að núgildandi ákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga nái yfir sendingu á hvers konar kynferðislegu og klámfengnu myndefni án tillits til miðilsins sem notaður er til að koma efninu áleiðis. Með sömu rökum verður vart talið að tilgreina þurfi sérstaklega þá háttsemi að senda börnum efni sem sýnir börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Einnig er á það bent að nú fer í hönd vinna hér á landi vegna væntanlegrar fullgildingar Evrópusamningsins um netglæpi (Convention on Cybercrime) og rétt gæti verið að bíða með lagabreytingar á þessu sviði þar til sú vinna hefur átt sér stað. Í 9. gr. samningsins er t.a.m. fjallað um skyldur samningsaðila til að setja refsiákvæði varðandi barnaklám sem fer um tölvukerfi.

Telja verður að núgildandi 210. hgl. taki ekki til þeirrar háttsemi að senda barni kynferðislegan eða klámfenginn texta sem sendur er t.d. á spjallrásum internetsins. Að mati ríkissaksóknara eru hins vegar til staðar refsiákvæði sem beita má um ofangreinda háttsemi og þá líka í þeim tilvikum þegar klámfenginn og kynferðislegur texti er sendur barni í sendibréfi eða með öðrum hætti sem ekki er tilgreindur í frumvarpinu. Þau ákvæði sem hér gætu átt við eru 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlag.

Vakin er athygli á því að brot á 2. mgr. 210. gr. hgl. varðar sektum eða fangelsi sbr. 1. mgr. 210. gr., en í greinargerð með frumvarpinu er því ranglega lýst að brotin varði einungis fangelsi.

X *Umsögn ríkissaksóknara um tillögu til þingsályktunar um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna (139. mál.).*

Ríkissaksóknari telur eðlilegt að skoða hvort efni eru til að breyta íslenskum lagareglum um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna og að þá verði einkum litið til reglna á hinum Norðurlöndunum, en mikil fræðileg umræða hefur átt sér stað þar um brot sem tengjast tölvutækni (datakriminalitet). Í greinargerð með þingsályktuninni er vitnað til sánsks réttar og bent á að þar hafi verið sett sérstök lög, nr. 112 frá 1998, um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna. Þessi leið hefur ekki verið farin í Danmörku

t.a.m. og er þörf á að skoða allar forsendur fyrir sænsku lögnum vel áður en síkt yrði tekið upp hér. Vakin er athygli á að refsiramminn fyrir brot á sænsku lögnum er 6 mánaða fangelsi og 2 ár ef brot er gróft, ekki 6 ár eins og segir í greinargerðinni.



Sigrún Þórhildur  
saksóknari

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík